



HAFNARFJÖRÐUR

Velferðarráðuneytið
b.t. Bryndísar Þorvaldsdóttur
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík


Hafnarfirði, 18. júlí 2018
1404159 RE

Efni: Sólvangur, dagdvalarrými

Árið 2013 veitti velferðarráðuneytið Hafnarfjarðarbæ heimild til reksturs 8 dagdvalarrýma sem rekin skuli á Sólvangi. Dagdvölin tók til starfa og 1. júní 2013 og hefur starfsemin gengið vel. Biðlisti hefur verið eftir þjónustunni meira og minna frá því að dagdvölin hóf starfsemi. Hafnarfjarðarbær hefur síðustu árin óskað eftir fjölgun rýma á Sólvangi og með bréfi ráðuneytisins dagsettu 20. desember 2017 er tilkynnt að ráðuneytið heimili að almennum dagdvalarrýmum á Sólvangi verði fjöldað um sex rými frá og með 1. janúar 2018. Frá þeim tíma var því heimilt að reka allt að 14 almenn dagdvalarrými á Sólvangi. Þakkað er fyrir þessa viðbót en jafnframt er þess óskað að rýmum verði fjöldað enn frekar. Einnig er bent á mikla þörf fyrir dagúrræði fyrir heilabilaða og þess óskað að bætt verði við rýmum á Sólvangi til að koma til móts við einstaklinga með heilabilun.

Þar sem hér er um að ræða beiðni sem er í samræmi við forgangsröðun í þjónustu við eldri borgara er það von undirritaðrar að hægt verði að bregðast jákvætt við beiðni um fjölgun rýma.

Virðingarfyllst,


Rannveig Einarsdóttir
Sviðsstjóri Fjölskyldubjónustu Hafnarfjarðar